

Til sveitarstjóra / oddvita



Reykjavík 13. október 2017

Efni: Vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja

Ágæti sveitarstjóri / oddviti

Yfir helmingur erlendra ferðamanna ferðast með bílaleigubílum og hentar ferðamátinn afar vel til að dreifa ferðamönnum um allt land þ.m.t. á staði sem öllu jafnan eru utan alfara leiðar en byggja lífsviðurværi að miklu leyti á komum ferðamanna. Að óbreyttu er þessum ferðamáta ógnað þar sem hátt í fjögurra milljarða álögur leggjast á bílaleigur um næstu áramót, 1. janúar 2018, þegar bílaleigubílar fara í efsta þrep vörugjalda. Til samanburðar skagar hækkunin ein og sér hátt í það sem útgerðin greiddi í veiðigjöld á síðasta fiskveiðiári.

Samtök ferðapjónustunnar (samtökin) vilja með þessu erindi benda forsvarsmönnum sveitarfélaga á að ekkert samráð hefur átt sér stað af hálfu stjórnvalda hvað varðar skoðun á heildarskattbyrði bílaleiga þrátt fyrir loforð efnahags- og viðskiptanefndar um að slíkt ætti að fara fram samhliða umræddri hækkun. Réttast væri að sjálfsögðu að fresta fyrirhuguðum vörugjaldahækkunum, í það minnsta á meðan slík skoðun fari fram en á sama tíma væri að mati samtakanna einnig rétt að skoða aðrar og skilvirkari leiðir til frekari tekjuöflunar.

Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, þegar boðaðar breytingar voru samþykktar haustið 2015, var skýrt kveðið á um samráð við greinina við að skoða heildar skattbyrði bílaleiga: *„Í því samhengi vill meirihlutinn taka fram að hann væntir þess að skattbyrði bílaleiga verði skoðuð á heildrænan hátt við heildarendurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti. Í þeirri vinnu leggur meiri hlutinn áherslu á að ríkt samráð verði haft við alla hagsmunaaðila í greininni.“* Samráðið og skoðun á skattbyrði hefur ekki með neinum hætti farið fram. Staðan er með öllu óásættanleg og verður það algert reiðarslag fyrir greinina komi til ofangreindra áfropa um næstu áramót án þess að nokkur heildarskoðun hafi farið fram og staðan metin.

Bílaleigubílar eins og leigubílar og sérútbúnar bifreiðar hafa verið skilgreind sem atvinnutæki og því greitt vörugjöld samkvæmt þeim vörugjaldaflokki. Sama á við um önnur atvinnutæki

sem ekki bera vörugiöld, en bílaleigubílar verða við boðaða breytingu einu atvinnutækin sem bera full vörugiöld en bílaleigur hafa þar að auki ávallt verið í efra 24% þrepi VSK. Gangi boðaðar breytingar eftir óbreyttar, mun nýfjárfesting minnka til muna auk þess sem bílaleigum verður gert nánast ómögulegt að selja notaðar bifreiðar úr landi sem tilheyrandi neikvæðum áhrifum á íslenskan bílamarkað.


Með auknum álögum er ljóst að samkeppnishæfni greinarinnar mun versna verulega með tilheyrandi áhrifum á þau 1200 til 1500 störf sem greinin skapar ár hvert. Fjármögnun á nýjum bílum þyngist mikið og munu bílaleigubílar því eldast með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umferðaröryggi ferðamanna og gæði. Slíkt eykur enn á hættur við akstur á þegar aðframkomnu vegakerfi landsins.

Líklegt verður að teljast að neyslumynstur ferðmannsins muni enn breytast til verri vegar þ.e. ferðum hans um landið, á hinar dreifðari byggðir landins, mun enn fækka versni samkeppnishæfni bílaleigubílsins enn frekar.

Samtökin vilja með bréfi þessu benda þér á þær blikur sem eru á lofti varðandi þennan ferðamáta sem skiptir sköpum hvað varðar eflingu ferðaþjónustu á þínu svæði. Nú eru kosningar innan nokkurra vikna. Væri ekki skynsamlegt að nýta tækifærið og spyrja frambjóðendur í þínu kjördæmi út í það hvernig þeir hyggjast bregðast við hvað þessa stöðu mála varðar?

Nánari upplýsingar og svör við spurningum veitir Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri bílaleigunefndar SAF. Póstfang: gunnar.valur@saf.is – GSM: 8220058

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir
Framkvæmdastjóri SAF